Ráðaneytið fyrir Ísland og Hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gert svofelldan **129** 27. nóvbr.

samning

um gufuskipaferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1904 að telja.

1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi stöðugum gufuskipasamgöngum milli Danmerkur og Bretlands hins mikla öðru megin og Færeyja og Íslands hinum megin, og ennfremur gufuskipaferðum kringum Ísland, þannig að farnar sjeu árlega af þartil hæfum skipum 20 ferðir að minnsta kosti til Íslands og frá, og auk þess 13 sjerstakar ferðir til Færeyja og frá. Í sambandi hjervið skulu skipin fara 12 sinnum að minnsta kosti hringferð um landið annaðhvort á útleiðinni til Reykjavíkur eða á leiðinni utan frá Reykjavík. Hin fyrsta af hringferðum þessum skal farin í marzmánuði, en hin síðasta skal eigi hafin fyrir miðjan október. Auk þess skal í sambandi við ferðirnar milli landa farin 1 ferð til Vesturlandsins í janúar eða febr. Farið skal fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og á 8 ferðum út og 6 ferðum utan skal eigi koma við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega. Á hinum síðastnefndu 8 ferðum út og 6 ferðum utan skal þar á móti komið við í Færeyjum, svo sem sagt er á hinum tveim útferðunum og þrem utanferðum skal og komið við í Færeyjum, og á einum stað að minnsta kosti vegna pósts og farþega. Af hinum sjerstöku ferðum til Færeyja skal hin fyrsta farin í janúar og hin síðasta í desember.

2. gr.

Auk þess heldur fjelagið uppi frá 15. apríl til 31. október ár hvert stöðugum strandferðum við Ísland, með þartil hæfum gufubátum, sem sjeu að nokkru yfirbyggðir, og hver bátur 200 smálesta að stærð að minnsta kosti, þannig að stöðugum ferðum sje haldið uppi milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land og enn milli hinna sömu staða vestan um land, og sje strandferðum þessum haldið uppi í ekki minna mæli, en gert hefir verið í ár.

Allar ferðirnar, bæði þær, sem getur um í 1. gr. og þær sem ræðir um í þessari grein skulu farnar eptir ferðaáætlun, sem að því er Íslandsferðirnar snertir, samþykt er af ráðaneytinu fyrir Ísland, og að því er snertir hinar sjerstöku færeysku ferðir, af dómsmálaráðaneytinu.

3. gr.

Á Íslandsförum milli landa skulu vera 2 farrými, hið fyrra og hið annað, og auk þess sjerstakt kvennaherbergi. Hið fyrra farrými á að geta tekið 30 ferðamenn að minnsta kosti, og hið annað á tveim skipunum um 50, en á hinum um 35. Skipin eiga að taka 400 smálestir af vöruflutningi að minnsta kosti.

Strandbátarnir eiga einnig að hafa 2 farrými, hið fyrra fyrir 15 ferðamenn að minnsta kosti og hið annað fyrir um 35 ferðamenn, og geta tekið 140 smálestir flutnings að minnsta kosti.

129 Skipin, sem fara Færeyjaferðirnar skulu einnig hafa tvö farrými, hið
27. nóvbr. fyrra fyrir 16 farþega að minnsta kosti og hið annað fyrir um 15 farþega, og eiga að geta tekið 250 smálestir flutnings að minnsta kosti.

Fargjaldstaxti og farmgjalds skal samþykktur af ráðaneytinu fyrir Ísland, — fyrir hinar sjerstöku Færeyjaferðir þó af dómsmálaráðaneytinu —, og má á engum af ferðunum vera hærri en þeir taxtar, er nú eru gildir, samkvæmt samningi milli fjelagsins og stjórnarráðs Íslands.

Á ferðum þeim milli Íslands og annara landa, sem getur um í þessum samningi, skal veita allt að 25 stúdentum og allt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum þá ívilnun með fargjald, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað.

Ennfremur skuldbindur fjelagið sig til að flytja innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Islands og Skotlands.

4. gr.

Fjelagið er skylt til að flytja á öllum þeim ferðum, er um er rætt í 1. og 2. gr. póstflutning allan, brjefa og böggla, og ber ábyrgð á öllum póstflutningnum, meðan hann er í vörzlum skipsins, það er að segja frá því að skipverjar taka á móti honum og þangað til hann er fenginn í hendur þjónum póststjórnarinnar. Skal hann mjög vandlega geymdur í lokuðu herbergi, nema brjefakassinn, sem skal settur þar, er allir geta að honum komizt. Fjelagið ber ábyrgð á því tjóni, þeim missi eða þeim skemmdum, sem póstflutningurinn kann að verða fyrir sökum þess að hans er illa gætt. Farist skipið eða hlekkist því á, skal, svo sem framast er kostur á, reyna að bjarga póstflutningnum og flytja hann til næsta pósthúss. Skyldi maður þurfa að fylgja póstflutningi á skipinu sökum þess, hve mikill flutningur þessi er eða dýrmætur, fær maður þessi far ókeypis bæði fram og aptur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

5. gr.

Póstflutningur skal afhentur á skip og af skipi samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeiganda póstembættismanns. Sýni viðtakandi að póstflutningurinn sje eigi samkvæmur skránni, skal sá, er afhendir póstflutning inn, skyldur að rita undir athugasemd þarað lútandi.

Þegar eptir komu gufuskipsins skal póstflutningurinn fluttur úr skipi, hvort er það liggur við land eða fyrir akkerum á sjó úti, til næsta pósthúss, og skal fjelagið bera kostnaðinn af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn; þar mun póstflutningurinn verða sóttur. Sömu reglum skal fylgja um flutning póstflutnings á skip.

6. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um að enginn af skipverjum eða nokkur annar flytji með sjer muni, er skylt er að senda með pósti. Verði slíkt uppvíst, skal hlutaðeigandi, auk þess að greiða hina lögboðnu sekt, einnig ræk-

ur úr skiprúmi. Þó má skipstjóri, án þess slíkt varði vítum, flytja brjef um mál- **129**
efni skipsins frá útgerðarmönnum skipsins til afgreiðslumanna og milli hinna 27. nóvbr.
siðarnefndu.

7. gr.

Fjelagið greiðir öll útgjöld, en aptur á móti bera því öll fargjöld og farmgjöld.

Fyrir allt það, er fjelagið lætur í tje, samkvæmt því er að framan er talið, fær fjelagið alls 140000 kr. — eitt hundrað og fjörutíu þúsund krónur — árlega.

Þóknunin greiðist, svo framarlega sem fjelagið þá hefir fullnægt skuldbindingum sínum — þannig: 14000 kr. 1. apríl og 14000 kr. 1. dag hvers hinna eptirfarandi mánaða í árinu, og afganginn 14000 kr. þá er lokið er hinni síðustu ferð í desember.

8. gr.

Skyldi ís hamla því, að skipið komist út frá Danmörku á leið til Íslands eða Færeyja í einhverri af ferðum þeim, er getur um í 1. gr., fellur sú ferð niður, og frá ársþóknuninni skal draga fyrir hverja ferð, sem ekki er farin, 3500 eða 2000 kr. eftir því hvort ræða er um ferð til Íslands eða til Færeyja.

Ef ís tálmar því að lokið verði einhverri af ferðum þeim kringum Íslandsstrendur sem getur um í 1. og 2. gr., og tilhlýðileg sönnun er færð fyrir því af hálfu fjelagsins, skal ekkert dregið frá hinni umsömdu árlegu þóknun.

En verði það eigi sannað, að ís hafi tálmað ferð, er fallið hefir niður að einhverju eða öllu leyti, eða skyldi fjelagið mót von eigi láta fara umsamdar ferðir, skal það greiða fyrir hverja ólokna ferð, -- nema skipi hafi hlekkzt á,— 1000 kr. sekt, ef um er að ræða einhverja af ferðum þeim til Íslands, er getur um í 1. gr., eða einhverja af ferðum þeim, er taldar eru í 2. gr., og 500 kr. sekt, ef ferðin er ein af Færeyjaferðunum, og skal auk þess draga frá ársþóknuninni fyrir hverja ferð, er eigi er lokið, 3500 kr. fyrir ferð til Íslands og 2000 kr. fyrir Færeyjaferð eða ferð, sem getur um í 2. gr.

9. gr.

Svo framarlega sem fjelagið uppfyllir skuldbundningar þær, er það hefir á hendur tekizt, og ríkisþingið og alþingi veitir fje það, er með þarf til lúkningar borgun þeirri, er ræði um í 7. gr., þá gildir samningur þessi til þess fyrsta dags janúarmánaðar, er samningnum er sagt upp frá honum að telja með árs fyrirvara af öðrum hvorum semjanda.

Eptir upphæðinni 5 sinnum 140000 kr. eða samtals 700000 kr. er stimpilgjald fyrir samninginn 116 kr. 65 a. og greiðir hvor semjanda helming þessa gjalds.

Af samningnum eru gjörð tvö samrit og fær hvor semjanda sitt.

Kaupmannahöfn 27. nóvbr. 1903.

Ráðgjafinn fyrir Ísland.
Alberti.

Stjórn Hins sameinaða gufuskipafjelags.
Chr. Kronmann.

Ólafur Halldórsson.